







Prestur: Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir
Organisti: Guðný Einarsdóttir
Kór: Voces Masculorum
Einsöngur: Hlöðver Sigurðsson
Sellóleikari: Margrét Árnadóttir
Umsjón útfarar: Frímann og Hálfdán – útfararþjónusta

Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð og vinarhug
og biður viðstadda að þiggja veitingar á
Kjarvalsstöðum að lokinni athöfn

Bálför fer fram síðar



# Brynjólfur Kjartansson

9. júlí 1944
10. júní 2022

Útför frá Háteigskirkju
miðvikudaginn 22. júní 2022

## FORSPIL
AIR
J.S. Bach

## BÆN

Snert hörpu mina himinborna dís
svo hlusti englar Guðs í paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í því líf.

Það geta sumir siglt á læk og tjörn
og sumir verða alltaf lítil börn
en sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum, loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængjaþyt
um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís
og hlustið englar Guðs í paradís

Davíð Stefánsson
Atli Heimir Sveinsson

## RITNINGARLESTUR

Heyr himnasmiður
hvers skáldið biður.
Komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heiti' eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig.
Minnst mildingur mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjarta borg.

Gæt, mildingur mín,
mest þurfum þín,
helst hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjar mögur,
málsefni fögur.
Öll er hjálp af þér
í hjarta mér.

Kolbeinn Tumason
Þorkell Sigurbjörnsson

## RITNINGARLESTUR

DRAUMALANDIÐ

Ó leyf mér þig að leiða
til landsins fjalla heiða
Með sælu sumrin löng
með sælu sumrin löng

Þar angar blómabreiða
við blíðan fuglasöng.
Þar angar blóma breiða
Þar angar blóma breiða
við blíðan fuglasöng.

Þar aðeins yndi fann ég.
Þar aðeins við mig kann ég
Þar batt mig tryggðar band
Þar batt mig tryggðarband

Því þar er allt sem ann ég
Þar er mitt „Draumaland“
Því þar er allt sem ann ég
Því þar er allt sem ann ég
það er mitt „Draumaland“.

Guðmundur Magnússon
Sigfús Einarsson

## GUÐSPJALL

DAGNÝ

Er sumarið kom yfir sæinn
og sólskinið ljómaði um bæinn
og vafði sér heiminn að hjarta,
ég hitti þig, ástin mín bjarta.

Og saman við leiddumst og sungum
með sumar í hjörtunum ungum,
hið ljúfasta úr lögunum mínum,
ég las það úr augunum þínum.

Og húmi um heiðar og voga
mun himinsins stjörnudýrð loga
um ást okkar, yndi og fögnuð,
þótt andvarans söngrödd sé þögnuð.

Tómas Guðmundsson
Sigfús Halldórsson

## MINNINGARORÐ

AVE MARÍA

Sigvaldi S. Kaldalóns

## BÆN OG FAÐIR VOR

ÞÓTT ÞÚ LANGFÖRULL LEGÐIR

Þótt þú langförull legðir
sérhvert land undir fót,
bera hugur og hjarta
samt þíns heimalandsmót,
frænka eldfjalls og íshafs,
sifji árfoss og hvers,
dóttir langholts og lyngmós,
sonur landvers og skers.

Yfir heim eða himin
hvort sem hugar þín önd,
skreyta fossar og fjallshlíð
öll þín framtíðarlönd.
Fjarst í eilífðar útsæ
vakir eylendan þín:
Nóttlaus voraldar veröld
þar sem víðsýnið skín.

Það er óskaland íslenskt,
sem að yfir þú býr -
aðeins blómgróin björgin,
sérhver baldjökull hlýr,
frænka eldfjalls og íshafs,
sifji árfoss og hvers,
dóttir langholts og lyngmós
sonur landvers og skers.

Stephan G. Stephensen
Sigvaldi S. Kaldalóns

## MOLDUN

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson
Antwerpen 1540, breytt 1840

## BLESSUN

## EFTIRSPIL
ADAGIO ÚR KLARINETTKONSERT K622
W.A. Mozart